

## Ný álagsþrepa-launatafla áfengisráðgjafa og dagskrárstjóra SÁÁ frá og með 1. júní 2017

Frá kjararáði FÁR – Félagi áfengis- og vímuefnaráðgjafa fimmtudaginn 4. maí 2017

Samkvæmt 2. gr. í lögum FÁR er hlutverk kjararáðs meðal annars „að gæta að kjörum félagsfólks“, sem felst meðal annars í því að fylgjast með kjarasamningum og upplýsa félagsmenn um stöðu kjaramála eftir því sem við á hverju sinni í samvinnu við trúnaðarmenn FÁR og SÁÁ

Í kjararáði FÁR sitja Karl Gunnarsson, formaður, Páll Bjarnason og Jón Börkur Ákason. Trúnaðarmaður FÁR er Torfi Hjaltason, og trúnaðarmenn starfsmanna SÁÁ eru Kristbjörg Halla Magnúsdóttir og Páll Breiðfjörð Sigurvinsson

Frá og með fimmtudeginum 1. júní 2017 greiðir SÁÁ áfengisráðgjöfum og dagskrárstjórum laun samkvæmt nýrri launatöflu, sem samið hefur verið um í núgildandi kjarasamningi. Launataflan nýja byggir á **álagsþrepum** í stað aldursþrepa gömlu launatöflunnar. Engin stöðluð aldursþrep eru því í nýju launatöflunni. Hins vegar á samkvæmt núgildandi kjarasamningi (5 gr.11.3.2.2) meðal annars að taka mið af starfsaldri viðkomandi við röðun í störf samkvæmt nýju launatöflunni. Nálgastrá má núgildandi kjarasamning ásamt gömlu og nýju launatöflunum á vefslóðinni:

<https://sfr.is/library/Kjarasvid/Kjarasamningar/Saa/SAA%20SFR%20kjarasamn%20lok010216.pdf>

Nýja launataflan gildir frá 1. júní 2017 til 31. maí 2018. Frá 1. júní 2018 verður 3% hækkun á þessari nýju launatöflu samkvæmt núgildandi kjarasamningi, sem nær til 31. mars 2019, en þá eru kjarasamningar lausir nema samið hafi verið að nýju áður

Kjararáð FÁR upplýsir hér með ráðgjafa og dagskrárstjóra SÁÁ um eftirfarandi varðandi mat til ákvörðunar fastra launa samkvæmt nýju launatöflunni 1. júní 2017:

1. **Samstarfsnefnd SFR.** SFR er skammstöfun fyrir Stéttarfélag í almannajónustu, sjá <http://www.sfr.is> -. Árni Stefán Jónsson, formaður SFR, og Alma Lísa Jóhannsdóttir, fulltrúi SFR, eru nú launatengiliðir á milli FÁR og SFR. SFR hefur nú þegar unnið og er enn að vinna ákveðna grunn- og undirbúningsvinnu fyrir svonefnda launavörpun í sérstökum samstarfsnefndum innan SFR. Kjararáð FÁR hefur undir höndum viðmiðurnatrútreikninga, sem SFR mun nota við væntanlega launavörpun ráðgjafa og dagskrárstjóra SÁÁ úr gömlu launatöflunni yfir í nýju launatöfluna
2. **Samstarfsnefnd SFV.** Sjúkrastofnanir SÁÁ sem fyrirtæki er aðili að SFV – Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu, sjá <http://www.samtok.is/> -. SFV semur því fyrir hönd sjúkrastofnana SÁÁ við starfsfólk SÁÁ. Ráðgjafar og dagskrárstjórar hjá SÁÁ eru öll í SFR, sem er því samningsaðili þeirra. Aðrir starfsmenn SÁÁ eru margir hverjir í öðrum stéttarfélögum sem sjá þá um launavörpunina fyrir þeira hönd. Á næstu dögum munu samstarfsnefnd SFR, fyrir hönd ráðgjafa og dagskrárstjóra SÁÁ, og samstarfsnefnd SFV, fyrir hönd Sjúkrastofnana SÁÁ, hittast formlega til að ganga endanlega frá launavörpuninni. Karl Gunnarsson, formaður kjararáðs FÁR, sem er í beinu sambandi við Árna Stefán Jónsson, formann SFR, verður látinn vita hvenær samstarfsnefndirnar hittast til að ljúka launavörpuninni
3. **Lágmark 4,5% hækkun** – samkvæmt gildandi kjarasamningi frá 1. febrúar 2016, Bókun 4, skal hverjum starfsmanni tryggð að minnsta kosti 4,5% hækkun launa við **vörpun** úr gömlu launatöflunni yfir í nýju launatöfluna
4. **Að jafnaði samanlagt allt að 7% hækkun** – í greininni **Stofnanasamningar SFR: Ný launatafla í Blaði stéttarfélaganna** í maí 2017 - 2. tbl. 7. árg. - bls. 4, segir eftirfarandi:

- a. „Við vörpun er tryggt að enginn fái minna en sem nemur 4,5% hækkun. Að jafnaði verður hækkunin nokkuð hærri, hátt í 7%, þar sem ríkið lagði til sérstakan pott til að auðvelda þetta umfangsmikla verkefni [...]“. Dæmi: Ef launaflokkurinn í gömlu launatöflunni er til dæmis tveimur krónum hærri en sá sem næstur er í nýju launatöflunni, þá er ætíð valinn næsti launaflokkur fyrir ofan í nýju launatöflunni. Bil á milli launaflokka í nýju launatöflunni er alls staðar 2,5% (bilið er mismunandi í gömlu launatöflunni). Þess vegna fá sumir 4,5%, aðrir 4,5%+2,5% (7%) og enn aðrir lenda þarna á milli
  - b. „SFR leggur upp með að vörpunin sé gerð með gegnsæju kerfi svo dregið sé úr einstaklingsbundnum ákvörðunum.“
5. **Ný röðun starfa í launaflokka.** Í 5. gr. 11.3.2.1,2 og 3 í núgildandi kjarasamningi segir eftirfarandi:
- a. **Röðun í starf** miðast við viðvarandi eða stöðugt verksvið. Skulu skilgreiningar starfaflokkunar Hagstofunnar (ÍSTARF95, 2. Útgáfa) hafðar til hliðsjónar. Slóð á ÍSTARF95: [https://hagstofa.is/media/42603/istarf95\\_2utg\\_allt.pdf](https://hagstofa.is/media/42603/istarf95_2utg_allt.pdf). Starfsheitið áfengiráðgjafi hefur númerið 3460 og dagskrárstjóri númerið 1229. Starfaflokkun Hagstofunnar byggir á grundvallarhugtökunum tveimur: *Starf* og *kunnátta*. (bls. 9 í ÍSTARF95 2. útgáfa). Á bls. 10 er síðan gerð grein fyrir fjórþættu flokkunarviðmiði í störf samkvæmt formlegri menntun
  - b. **Persónubundir þættir.** Laun fyrir persónubundna þætti eru varanleg enda umbun fyrir til dæmis kunnáttu eða reynslu viðkomandi starfsmanns. Dæmi: þekking/færni sem nýtist í starfi, fagreyksla sem gerir starfsmann verðmætari, markaðsálag, eftirpurnarálag, sjálfstæði, frumkvæði, formleg menntun, starfsaldur hjá stofnun o.fl.
  - c. **Tímabundir þættir** eru t.d. frammistaða eða álag vegna tímabundinna viðbótarverkefna. Dæmi: tímabundin viðbótarverkefni eða tímabundin aukin ábyrgð o.fl.
6. Dæmi um einfalda aðferð til að reikna út lágmarkshækkun fastra mánaðarlauna: Ef föst mánaðarlaun samkvæmt launaseðli fyrir hækkun eru kr. 320.292.- má margfalda þá upphæð með stuðlinum 1.045 (4,5%), sem gefur útkomuna kr. 334.705. Eins og áður sagði fá menn að jafnaði meiri hækkun, eða allt að 7%.
7. Áðurnefnd samstarfsnefnd SFR um launavörpun sér um endanlega röðun í launaflokka í samstrafi við samstarfsnefnd SFV. Laun ráðgjafa og dagskrárstjóra SÁÁ samkvæmt nýju launatöflunni verða síðan greidd út í fyrsta sinn 1. júlí 2017 í samræmi við endanlega niðurstöðu samstarfsnefnda SFR og SFV, en samið var um nýju launatöfluna í núgildandi kjarasamningi þann 1. febrúar 2016 og nær sá kjarasamningur til 31. mars 2019, eins og áður sagði

Kjararáð FÁR mun fylgjast með væntanlegri launavörpun ráðgjafa og dagskrárstjóra og upplýsa félagsmenn FÁR um stöðu mála jafnóðum

Kjararáð FÁR

Karl Gunnarsson formaður

Páll Bjarnason

Jón Börkur Ákason